KONUNGLEG AUGLÝSING

64
12. nóv.

um

að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til Belgíu, kunngjörum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer 8. þ m. samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfum falið á hendur í fjarvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gefið í Kaupmannahöfn, 12. nóvember 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.